

Auður Capital fær starfsleyfi

AUÐUR Capital hefur fengið starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til að reka verðbréfafyrirtæki. Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir, sem eru á meðfylgjandi mynd, stofnuðu fyrirtækið en þar starfa nú 12 manns. Auður Capital er í meirihlutaeigu stofnenda og starfsmanna en aðrir hluthafar eru athafnakonurnar Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hildur Petersen, Katrín Pétursdóttir, Kristín Jóhannsdóttir, Svafa Grönfeldt, Ingunn Wernersdóttir, Guðbjörg Matthíasdóttir, Marinella Haraldsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Berglind Björk Jónasdóttir.

Fyrirtækið býður fjárfestinga- tengda þjónustu á sviði eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar auk þess að stýra fjárfestasjóðum.



Ljósmynd/Birgir Ísleifur Gunnarsson

